

Fimmtudaginn 28. apríl 1988.

Nr. 91/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Steinunni Ásmundsdóttur

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Máli þessu hefur af hálfu ákærvalds verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. febrúar 1988 til sakfellingar og refsí-
ákvörðunar og sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi eða ökuleyfis-
sviptingar.

Í ákæruskjali, sem rakið er í héraðsdómi, er ákærðu gefið að sök, auk þess að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis, að hafa ekið svipt ökuréttindum. Skilja ber ákæruskjalið svo, að ákært sé vegna aksturs uns lögreglan stöðvaði ákærðu á Kirkjubraut á Akranesi. Héraðsdómari hefur einungis dæmt um fyrra ákæruatriðið en vikur ekki að hinu síðara. Vegna þessa galla á málsmeðferðinni verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, 20.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar í héraði að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sigurmars K. Albertssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. febrúar 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 11. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveð-

inn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 93/1988: Ákærvaldið gegn Steinunni Ásmundsdóttur, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. febrúar 1988 á hendur ákærðu, Steinunni Ásmundsdóttur nema, Hagamel 10 í Reykjavík, fæddri 31. desember 1962, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 8. nóvember 1987 undir áhrifum áfengis og svipt ökuréttindum bifreiðinni R-65786 frá sumarbústað í landi Jarðlangsstæða í Borgarhreppi í Mýrasýslu til Borgarness og þaðan til Akraness, en þar stöðvaði lögreglan akstur hennar á Kirkjubraut.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Ákærða hefur skýrt frá því að hún hafi verið með þremur stöllum sínum í sumarbústað í landi Jarðlangsstæða í Borgarhreppi laugardaginn 7. nóvember sl. Hún hafi drukkið hvítvín með kvöldmatnum og um kvöldið hafi hún drukkið tvo bjóra. Hún hafi svo ekið að hótelinu í Borgarnesi, þar sem hún hafi drukkið eitt glas af líkjör. Þar hafi þær staðið við í 1/2-1 klukkustund og síðan hafi hún ekið til Akraness, þar sem þær stöllumnar fóru á dansleik. Á dansleiknum kveðst ákærða hafa drukkið ginblöndu. Að dansleiknum loknum hafi hún ekið af stað og ferðinni verið heitið í sumarbústaðinn aftur. Á Kirkjubraut hafi lögreglan stöðvað aksturinn.

Í skýrslu hjá lögreglunni á Akranesi kvaðst ákærða hafa fundið til áfengisáhrifa eftir að hafa drukkið líkjörinn í Borgarnesi, en hér í dóminum hefur hún sagt að það væri rangt eftir sér haft. Aftur á móti hafi hún fundið fyrir áhrifum áfengis eftir dansleikinn á Akranesi.

Vitnin Valgerður Geirsdóttir, Sigrún Matthea Sigvaldadóttir og Sólveig Eiríksdóttir hafa borið á sömu lund og ákærða, en hafa þó sagt að þær hafi ekki merkt áfengisáhrif á ákærðu við akstur hennar, en þær voru farþegar allan tímann.

Enda þótt nokkrar líkur séu til þess að ákærða hafi fundið til áfengisáhrifa á leiðinni frá sumarbústaðnum til Akraness er ekki unnt gegn neitun hennar og vegna framburðar vitnanna að telja það sannað, en eins og ákæru í málinu er háttað er ekki unnt að fjalla um aksturinn eftir dansleikinn á Akranesi í þessu máli. Ber því að sýkna ákærðu af ákæru í málinu og leggja kostnaðinn af því á ríkissjóð.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Steinunn Ásmundsdóttir, er sýkn af ákæru í máli þessu. Sakarkostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.